

Pelamerkurskóli, Hörgársveit og Menntaskólinn á Tröllaskaga gera með sér eftirfarandi samstarfssamning:

Pelamerkurskóli (PMS) og Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTR) leitast við að efla samstarf um nám nemenda byggt á ákvæðum aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla og skólustefnu Hörgársveitar um sveigjanleg menntunartækifæri og samfellu skólastiga.

Í skólustefnu Hörgársveitar segir:

Í Hörgársveit skal unnið markvisst að því að mennta og þroska hæfileika barna í metnaðarfullu skólasterfi þar sem

- velferð, gleði og heilsa barna er í fyrirrúmi.
- menntun er sveigjanleg, einstaklingsbundin og nýtist til framtíðar.
- andlegur og félagslegur þroski er eflur, s.s. félagsfærni, sjálfstraust, lífsgleði og þrautseigja.
- börn og starfsfólk starfa við bestu námsaðstæður og vinnuskilyrði.

Samkvæmt sömu stefnu eru jafnframt tiltekin þau markmið skólasterfsins að skólarnir séu í góðu samstarfi við aðra skóla og að börnum sé auðveldað, eins og unnt er, að færast á milli skólastiga, í samræmi við þroska og námsstöðu.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla segir:

„Grunnskólanemendur geta hafið nám í framhaldsskóla samhliða grunnskólanámi ef fyrir liggur samkomulag milli viðkomandi grunnskóla og framhaldsskóla um framkvæmdina.“ (bls. 66)

„Ef nemendur í grunnskóla uppfylla hæfnikröfur í einstökum greinum framhaldsskólans eiga þeir rétt á því að fá nám sem þeir hafa lokið metið til eininga, enda fellur námið að námskrá og námsbrautalýsingum viðkomandi framhaldsskóla og námskröfur eru sambærilegar. Forsenda fyrir námsfyrirkomulagi af þessu tagi er formlegt samstarf á milli grunnskóla og framhaldsskóla.“ (bls. 67)

Í aðalnámskrá grunnskóla segir:

„Nemendum er heimilt að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi að loknu grunnskólanámi í viðkomandi greinum. Grunnskólanemendum er einnig heimilt að stunda slíkt nám samhliða grunnskólanámi enda hafi þeir sýnt til þess fullnægjandi hæfni. Í þeim tilvikum þarf traust samstarf að ríkja milli grunn- og framhaldsskóla.“ (bls. 75)

Samstarf MTR og PMS feist í eftirfarandi:

- Nemendur PMS sem lokið hafa námsmarkmiðum grunnskóla í tiltekinni námsgrein geta sótt um fjarnám í MTR í þeirri grein.




PELAMERKURSKÓLI

- Sótt er um námið á sérstöku eyðublaði á innritunartíma MTR sem hefst 1. apríl fyrir haustönn og 1. nóvember fyrir vorönn. MTR svarar eins fljótt og auðið er hvort pláss er fyrir nemanda ÞMS í þeim áföngum sem sótt er um. Nemandi, foreldrar og skólastjóri ÞMS undirrita umsóknina og staðfesta um leið að nemandi hafi lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar í umræddri grein.
 - Hætti nemandi við fengna skólavist skal staðfesting þess efnis berast MTR frá forráðamönnum eða skólastjórnanda ÞMS með samþykki forráðamanna.
 - Ábyrgð á mælingum, námsmati, námi og kennslu í þeim greinum er nemandi stundar við MTR er hjá MTR en ÞMS ber ábyrgð á nemandanum að öllu öðru leyti.
 - Nemandi stundar nám sitt í MTR ýmist í tilteknum tímum í ÞMS eða heima fyrir. Umsjónarkennarar unglíngastígs í ÞMS sjá um stuðning við nemandan innan veggja skólans.
 - Vitnisburður nemandan í MTR er skráður í Innu, skráningarkerfi framhaldsskóla. Að fengnu samþykki nemandan og forráðamanns er vitnisburður nemandan sendur frá MTR til ÞMS.
 - Nemandi fær umsjónarkennara í MTR sem hefur það hlutverk að styðja við hann í námi sínu við skólann.
- Námsvist grunnskólanema ÞMS í MTR er greidd af forráðamönnum viðkomandi nemandan.


Samningur þessi verður endurskoðaður reglulega með tilliti til reynslu og honum breytt ef báðir aðilar samþykkja. Samningnum má segja upp með 4 mánaða fyrirvara.

Eyjafirði, 6. nóvember 2020

Pelamerkurskóli,



Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, skólastjóri

Menntaskólinn á Tröllaskaga,


Lára Stefánsdóttir, skólameistari



Hörgársveit,


Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri

